

13. apríl 2015

Hringrás hf
Klettagörðum 9
104 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 10. apríl 2015
UST201503-226/E.D.K.

Úrbætur staðfestar vegna eins fráviks og úrbótaáætlun samþykkt vegna annars fráviks

Umhverfisstofnun vísar í bréf, dags. 3. mars 2015 þar sem fjallað er um þrjú frávik sem komu fram við reglubundið eftirlit á árinu 2014. Í sama bréfi kemur fram að búið sé að bæta úr einu frávikum og óskað var eftir úrbótaáætlun vegna hinna tveggja. Þann 26. mars sl. barst úrbótaáætlun frá rekstraraðila þar sem úrbætur eru staðfestar vegna eins fráviks og sett er fram áætlun um úrbætur vegna hins fráviksins.

Fyrri frávikinu snýr að því að meðhöndlun reykskynjara var ekki í samræmi við reglugerð um raf- og rafeindatækjaúrgang. Í úrbótaáætlun rekstraraðila, frá 26. mars sl., kemur fram að bætt verði við vinnulýsinguna VL 2105-03 Rafbúnaður þar sem fjallað er um reykskynjara. Lággeislavirkum reykskynjurum verði komið fyrir í 30 lítra tunnu sem verði send til endurvinnslu þegar nóg er komið í hana. **Umhverfisstofnun metur þessa ráðstöfun fullnægjandi og lítur svo á að þessu frávikum sé lokið.**

Seinna frávikinu snýr að því að olía og fita í fráveitu mældust yfir leyfilegum mörkum. Í úrbótaáætlun rekstraraðila segir að bætt verði við ákvæði í verklagsreglur sem varða meðhöndlun spilliefna um meðhöndlun á efnum sem geta valdið olfusmiti. Þá segir einnig að spilliefnaþró skuli þrífín að lágmarki einu sinni á ári og vökvinn sem kemur upp úr henni við þrífín skuli sendur til Kólku til brennslu. **Umhverfisstofnun samþykkir þessa úrbótaáætlun en fer fram á að spilliefnaþró verði þrífín við fyrsta tækifæri og úrbæturnar staðfestar með nýrri mælingu á olíu og fitu í frárennsli. Umhverfisstofnun fer fram á að nýjar mæliniðurstöður berist stofnuninni fyrir 1. júlí nk.**

Umhverfisstofnun vekur athygli á að stofnunin hefur heimildir til beitingar þvingunarúrræða, sbr. XII. kafla laga 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, til að krefja fram úrbætur þar sem þörf er á.

Samkvæmt 28. gr. sbr. 1. gr. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 1281/2013 innheimtir Umhverfisstofnun gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávikum frá ákvæðum laga og reglugerða. Samkvæmt verkþókhaldi nemur vinna við eftirfylgni frávikum 1 klst. Tímagjald stofnunarinnar er 11.200.

Virðingarfyllt

Eva Dögg Kristjánsdóttir

Eva Dögg Kristjánsdóttir
sérfræðingur

Sigrún Agústsóttir
Sigrún Agústsóttir
sviðsstjóri